



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Álit siðanefndar um meint brot á siðareglum Strandabyggðar

30. ágúst 2025

Siðanefnd barst eftirfarandi erindi frá Jóni Jónssyni, dags. 11. janúar 2025:

Ég tel nauðsynlegt að í lögum og leiðbeiningum um gerð og efni siðareglna sveitarfélaga verði sett inn fyrirbyggjandi ákvæði þar sem reynt er að koma í veg fyrir að óbreyttir íbúar í sveitarfélagi þurfi að sitja langtímum saman undir ásökunum og árásum frá oddvita eða meirihluta sveitarstjórnar eða verði fyrir aðkasti, ósannindum og óhróðri frá lykilstarfsmönnum sveitarfélaga og sveitarstjórnarmönnum. [...] Oddviti Strandabyggðar hefur brotið ýmsar greinar í gildandi siðareglum fulltrúa sem sveitarstjórnarmaður, sérstaklega 15. grein um siðferði, hegðun og framkomu, en einnig grein 2 um góða stjórnsýslu og grein 4 um háttvísi og valdmörk. Í 15. grein er einnig talað um starfsfólk sveitarfélagsins og hafa þau hjónin margbrotið þær reglur sem starfsfólk Strandabyggðar í valdastöðum. [...] Ég óska hér með eftir umsögn og áleti Siðanefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi þetta erindi mitt.

Átta fylgiskjöl bárust með erindinu.

Álit siðanefndar er eftirfarandi.

Forsendur og málsmæðferð

Í 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir: „Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur borið tillögur sveitarstjórna um siðareglur undir nefndina áður en það tekur þær til staðfestingar.“

Í erindisbréfi eru helstu verkefni siðanefndar orðuð þannig:

- „1. Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
2. Að gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.
3. Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.
4. Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.“

Í starfi sínu styðst nefndin við málsmeðferðarreglur sem staðfestar voru af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. október 2016.

Við upphafsathugun á því hvort skilyrði málsmeðferðar væru uppfyllt var það niðurstaða formanns að erindið falli undir ofangreind verkefni siðanefndar, einkum lið 3. Málið var því tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. janúar 2025. Í kjölfarið voru málsaðilar upplýstir um að málið hafi verið tekið til meðferðar og boðið að senda inn athugasemdir eða frekari upplýsingar. Svar barst 18. mars frá Hrafnhildi Skúladóttur og 27. mars frá Hlíf Hrólfsdóttur. Siðanefndin tók málið fyrir á fundi 24. júní 2025 og hafði þá einnig kynnt sér minnisblað Björns Jóhannessonar, lögmanns, dags. 10. janúar 2025, þar sem hann veitir sveitarstjórn Strandabyggðar umbeðið álit á beiðni Jóns Jónssonar um álit sveitarstjórnar á því hvort framganga oddvita og starfsmanna brjóti í bága við siðareglur og starfsmannastefnu Strandabyggðar. Í kjölfar fundarins 24. júní samdi formaður drög að álit, sem nefndin ræddi sín á milli í gegnum tölvupóst og samþykkti svo einróma 30 ágúst 2025.

Málsatvik og málsgögn

Í erindi Jóns Jónssonar til siðanefndar frá **11. janúar 2025** segist hann hafa „í talsverðan tíma sætt árásum frá Þorgeiri Pálssyni oddvita Strandabyggðar og konu hans, Hrafnhildi Skúladóttur, sem hafi verið bakkaðar upp af meirihluta sveitarstjórnar.“ Þau hafi bæði verið lykilstarfsmenn sveitarfélagsins, hann sem sveitarstjóri og hún sem íþrótta- og tómstundafulltrúi. Jón segist í bréfinu hafa sætt ofsóknum sem hafi þróast yfir í einelti og að þau hjón hafi haldið áfram að dreifa ósannindum um sig eftir að þau hafi verið hrakin í skýrslu KPMG, dags 30. september 2024, en í skýrslunni er lýst úttekt KPMG á greiðslum til Jóns og tengdra aðila á meðan hann sat í sveitarstjórn. Afleiðingarnar séu að „ósannindi þeirra hafa fengið að grassera í samfélaginu í formi slúðurs.“ Sveitarstjórn hafi samþykkt að hvetja þau hjónin til að biðjast afsökunar eftir að skýrsla KPMG kom út en þau hafi ekki orðið við því heldur þvert á móti hafi ásanir þeirra magnast. Sem dæmi um ósannindi um meintar misgjörðir Jóns, sem Þorgeir og Hrafnhildur hafi dreift, nefnir Jón sjálfstöku á fjármunum úr sveitarsjóði og ábyrgð á fósturmissi þeirra hjóna. Jón og kona hans hafi af þessum sökum ákveðið að flytja úr sveitarfélaginu.

Sem bakgrunnsupplýsingar skal þess getið að Jón Jónsson átti sæti í sveitarstjórn Strandabyggðar sem aðalmaður 2010-2014 og varamaður 2018-2022, en virðist þó hafa setið fundi sem aðalmaður 2019-2022. Bróðir Jóns sat í sveitarstjórn samfelld sem aðalmaður 2006-2022, þar af sem sveitarstjóri síðasta árið. Þorgeir Pálsson var ráðinn sveitarstjóri 2018 en var sagt upp vegna ágreinings og lét af störfum 2021. Hann var síðan kjörinn til sveitarstjórnar kjörtímabilið 2022-2026 fyrir T-lista, sem situr í meirihluta með þrjá kjörna fulltrúa á móti tveimur fulltrúum A-lista. Frá 2022 hefur Þorgeir starfað sem oddviti meirihlutans og sveitarstjóri. Hrafnhildur Skúladóttir, maki Þorgeirs, hefur á sama tíma verið starfsmaður sveitarfélagsins. Málsgögnin sem fylgdu erindi Jóns til siðanefndar eru frá október 2023 til ágúst 2024.

Í fylgiskjali 1 er fésbókarpistill Hrafnhildar Skúladóttur frá **18. október 2023** þar sem tugmilljóna styrkveitingar úr sveitarsjóði eru sagðar hafa tengst fyrirtækjum og stofnunum á vegum Jóns Jónssonar og að styrkirnir hafi verið veittir á sama tíma og hann var sjálfur í sveitarstjórn. Í pistlinum kemur einnig fram sú skoðun að Jón Jónsson hafi lagt Þorgeir Pálsson í einelti og að samskiptavandi hafi verið á milli fyrri og núverandi forsvarsmanna sveitarstjórnar. Þá er ýjað að því að Jón sé í afneitun um mikilvægar staðreyndir, að meðvirkni ríki í samskiptum við Jón og að andúð hans í garð núverandi meirihluta sveitarstjórnar stafi af því að nú séu almannahagsmunir látnir ganga fyrir sérhagsmunum. Loks segir Hrafnhildur frá því að hún og fjölskylda hennar hafi orðið fyrir ruddalegri og ógnandi hegðun og að hún hafi „tvívegis misst fóstur vegna pólitískra ofsókna á heimilið okkar“.

Í fylgiskjali 2 er tölvupóstur frá Þorgeiri Pálssyni til fjögurra sveitarstjórnarfulltrúa (aðalmenn) í Strandabyggð, dags. **8. nóvember 2023**. Þorgeir bregst þar við pósti sem Jón hafði sent á sveitarstjórnina tveim tímum áður, bæði aðal- og varamenn. Í pósti Jóns hafði þess verið krafist að sveitarstjórnin brygðist við „nýlegum níðskrifum íþrótta- og tómstundafulltrúa Strandabyggðar í minn garð í opnum fésbókarpistli“ – og átti Jón þar greinilega við ofangreindan pistil Hrafnhildar. Í viðbrögðum sínum rekur Þorgeir ýmis samskipti sem hann túlkar þannig að það sé „fámennur hópur sem hefur talað með þeim hætti hér í marga mánuði að hér sé allt ómögulegt, núverandi sveitarstjórn (þar með A listinn) er gerð tortryggileg sem og flestar ákvarðanir hennar, snúið er út úr auglýsingum, tilkynningum, útsendingum frá sveitarstjórnarfundum ... o.s.frv. Þessi fámenni hópur snýst um fyrrverandi sveitarstjórn, sem hefur ekki ennþá, einu og hálfu ári eftir kosningar, sætt sig við lýðræðisleg úrslit kosninga.“ Vísað er í þá skoðun ónafngreinds viðmælanda Þorgeirs að skrif Jóns og annarra í garð Þorgeirs „sé ekkert nema einelti.“ Þorgeir spyr hvort það sé „virkilega ætlast til að sveitarstjórn ávíti íbúa þessa sveitarfélags fyrir að tjá meiningu sína?“

Fylgiskjal 6 er minnisblað frá Byggðastofnun og Vestfjarðastofu, dags. **23. nóvember 2023**, með titilinn „Minnisblað um þátttöku Jóns Jónssonar í verkefninu Sterkum Ströndum.“ Minnisblaðið er svar við beiðni Jóns til verkefnisstjórnar Sterkra Stranda um úttekt á störfum hans í verkefnisstjórn. Í minnisblaðinu er staðfest að „sökum ríkra tengsla Jóns við frumkvöðla- og menningarstarfsemi í héraðinu sagði hann sig alfarið frá þátttöku í störfum verkefnisstjórnar á fundum vegna undirbúnings og ákvörðunar um veitingu styrkja.“

Í fylgiskjali 5 kemur fram að á fundi sínum **9. júlí 2024** samþykkti sveitarstjórn að leita til KPMG, sem annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins, um að gera úttekt á öllum greiðslum til Jóns og þeirra fyrirtækja og stofnana sem voru í hans eigu eða sem hann tengdist með stjórnarsetu á þeim tíma sem hann sat í sveitarstjórn, þ.e. 2010-2014 og 2019-2022. Úttektinni skuli lokið eigi síðar en 30. september.

Fylgiskjal 7 er staðfesting framkvæmdastjóra Strandagaldurs ses á stjórnarsetu Jóns, dagsett **15. ágúst 2024**. Stjórnarsetan spannaði árin 2000-2007 og 2018-2024.

Fylgiskjal 8 er bréf undirritað af Matthías Sævari Lýðssyni, Sverri Guðbrandssyni og Reyni Björnssyni, dags. **21. ágúst 2024**, titlað „Yfirlit um aðkomu Jóns Jónssonar að Félagi áhugamanna um Sauðfjársetur á Ströndum, sem var rekið til ársins 2009 þegar sjálfsseignarstofnunin Sauðfjársetur á Ströndum tók við.“ Fram kemur í bréfinu að Jón hafi setið í stjórn félagsins 2002-2007 og verið framkvæmdastjóri í hálfu starfi 2002-2006. Aðkoma hans að sjálfsseignarstofnuninni (frá 2009 og áfram) hafi hins vegar einungis verið í formi sjálfboðastarfs og afmarkaðra verkefna við uppsetningu sýninga, miðlun og fræðistörf.

Í fylgiskjali 3 er tölvupóstur frá Þorgeiri Pálssyni til Kristjáns Jónssonar hjá KPMG, dags. **18. september 2024**, með afriti á sveitarstjórnarfulltrúa í Strandabyggð. Í póstinum ræðir Þorgeir mikilvægi þess að í skýrslunni sem KPMG er með í vinnslu verði tekið tillit til fleiri atriða en upplýsinga um beinar styrkgreiðslur til stofnana sem tengjast Jóni, þ.e. atriða á borð við eðli styrkja og samninga, umræðu í fundargerðum, hverjir sátu í sveitarstjórn, fjárhag sveitarfélagsins o.fl.

KPMG skilaði sinni skýrslu á tilsettum tíma. Fylgiskjal 5 er skjal frá KPMG, dagsett **30. september 2024**, titlað „Minnisblað vegna samþykktar sveitarstjórnar Strandabyggðar 9. júlí 2024“. Í minnisblaðinu er rakin úttekt KPMG á greiðslum til Jóns Jónssonar og tengdra aðila á þeim tíma sem hann sat í sveitarstjórn. Niðurstaða úttektarinnar var sú að greiðslurnar hafi verið í samræmi við samninga og samþykktir sveitarstjórnar og að Jón hafi gætt þess sem fulltrúi í sveitarstjórn að víkja sæti þegar samningarnir voru til umfjöllunar.

Í fylgiskjali 4 er fésbókarpistill Hrafnhildar Skúladóttur frá **5. október 2024**. Í pistlinum, sem er yfir 3000 orð, útskýrir Hrafnhildur á persónulegum og einlægum nótum ástæður þess að hún skrifaði fyrri pistilinn ári áður (í október 2023) og lýsir honum sem „andlegum uppgjafarpistli“. Hún segist hefði mátt vera þar mildari og umburðarlyndari og biðst afsökunar á að hafa valdið misskilningi og sært saklaust fólk. Hún hafi hvorki sagt né meint að um fjárdrátt eða stuld hafi verið að ræða og aldrei dregið í efa lögmæti þeirra fjárveitinga fyrri sveitarstjórnar sem hún var að gagnrýna. Því hefði niðurstaða KPMG ekki komið henni á óvart. Gagnrýnin á fjárveitingarnar hafi verið siðferðileg og henni hafi sviðið þessar styrkveitingar til aðila sem tengja mætti Jóni Lýðssyni á sama tíma og innviðir á borð við íþróttamiðstöð, grunnskóla og götur voru vanræktir.

Meðal þeirra gagna sem siðanefnd hefur skoðað er álit Björns Jóhannessonar, lögmanns, frá **10. janúar 2025**. Björn skrifaði álitid að beiðni sveitastjórnar Strandabyggðar þar sem Jón hafði óskað eftir álitum sveitarstjórnar á því hvort framgangi Þorgeirs og Hrafnhildar gagnvart sér brjóti í bága við siðareglur kjörinna fulltrúa í Strandabyggð og ákvæði í starfsmannastefnu Strandabyggðar. Fram kemur í álitum Björns að erfitt sé að „átta sig á því hvað það nákvæmlega er í skrifum Hrafnhildar sem mögulega fari gegn starfsmannastefnu að mati álitsbeiðanda.“ Björn vekur athygli á því að „opinberir starfsmenn hafa sama tjáningarfrelsi og hver annar“ skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar og að það hafi „skaðleg áhrif á lýðræðislega umræðu ef þeim væri meinað með lögum að taka þátt í slíkri umræðu.“ Gera þurfi

greinarmun á því hvort opinber starfsmaður komi fram fyrir hönd tiltekins stjórnvalds eða sé að tjá persónulegar skoðanir sínar. Björn telur „vandséð að starfsmannastefnan taki til framkomu eða athafna starfsmanna utan vinnutíma eða í frítíma eða þegar þeir eru að tjá persónulegar skoðanir sínar í opinberri umræðu sem varin er af tjáningarfrelsinu.“ Þessi sömu sjónarmið telur Björn að eigi einnig við þegar kemur að mati á framgöngu Þorgeirs.

Sem fyrr segir var málsaðilum boðið að senda inn athugasemdir eða frekari upplýsingar eftir að þeir voru upplýstir um að siðanefnd hefði tekið erindi Jóns frá 11. janúar 2025 til meðferðar. Í svari sínu frá **18. mars 2025** sagðist Hrafnhildur Skúladóttir telja „viturlegast að láta hér staðar numið og láta þetta kyrrt liggja.“ Að öðru leyti vísar hún til þess sem hún hafði skrifað í pistlum sínum.

Svar barst **27. mars 2025** frá Hlíf Hrólfsdóttur, kjörnum fulltrúa, við boði siðanefndar til sveitarstjórnar Strandabyggðar um athugasemdir eða frekari upplýsingar. Í svari sínu ítrekar Hlíf þá afstöðu, sem fram hafði komið í bókun frá 10. desember 2024 og fundargerð 11. febrúar 2025, að hún telji framgöngu Þorgeirs og Hrafnhildar hafi brotið í bága við Siðareglur kjörinna fulltrúa í Strandabyggð, sérstaklega 15. gr., og ákvæði í Starfsmannastefnu Strandabyggðar.

Álit

Í erindi Jóns Jónssonar til siðanefndar segir að augljóslega hafi verið brotið gegn þremur ákvæðum siðareglna og í framhaldi af því er óskað eftir áleti og umsögn siðanefndar um hvernig fyrirbyggja megi með lögum og leiðbeiningum um gerð og efni siðareglna að slík brot eigi sér stað í framtíðinni.

Ákvæðin sem vísað er til í erindi Jóns eru svohljóðandi:

2.gr. Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum sem og reglum og samþykktum Strandabyggðar. Þeim ber að gæta að almannahagsmuna í störfum sínum og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu.

4. gr. - Háttvísi og valdmörk.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi. Þeim ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins og hafa í huga að þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Strandabyggðar við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

15. gr. - Siðferði, hegðun og framkoma

Starfsmönnum ber að fylgja stjórnsýslulögum og öðrum lögum, reglugerðum og reglum er varða starfssvið þeirra. Þeir skulu sýna trúnað í samskiptum

sínum við íbúa sveitarfélagsins, samstarfsfólk, í nefndarstörfum, utan vinnu jafnt sem innan vinnustaða og við aðra þá aðila sem eiga samskipti við sveitarfélagið Strandabyggð og stofnanir þess. Áreitni eða ósæmileg hegðun kjörinna fulltrúa gagnvart íbúum, eða starfsfólki Strandabyggðar, eða hverjum öðrum sem þeir eiga í samskiptum við verður ekki liðin á nokkurn hátt. Hér er átt við kynferðislega áreitni, ósæmlega hegðun eða sérhvert það athæfi sem í orði eða verki, stuðar, truflar eða ógnar öðrum einstaklingum Þagnarskylda starfsmanna um trúnaðarmál helst þó látið sé af störfum hjá sveitarfélaginu. Undir þagnarskyldu falla ekki upplýsingar um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi starfsmanna stjórnvalda. Starfsmenn skulu ekki þiggja greiðslur eða önnur verðmæti frá viðskiptavinum sem túlka má sem greiðslu fyrir greiða.

Hér verður ekki úrskurðað um hvort brotið hafi verið gegn þessum ákvæðum, enda hefur siðanefndin ekki umboð til þess, heldur veitir siðanefndin umsögn um hvernig ráða megi af gögnum málsins að nýta hefði mátt leiðsögnina sem þessi ákvæði fela í sér.

Í 2. gr. er minnt á að fylgja lögum og reglum, gæta almannahagsmuna og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu. Ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að verulegur misbrestur hafi verið á þessu. Þar kæmi þó helst til álita tölvupóstur sveitarstjóra til KPMG 18. september 2024 (fylgiskjal 3). Í þeim tölvupósti eru óskir um efnistöð sem ekki er að finna í þeirri samþykkt sveitarstjórnar sem lá til grundvallar skýrslugerðinni, frá 9. júlí 2024. Eitt af grundvallaratriðum góðrar stjórnsýslu er að fara ekki út fyrir umboð sitt til ákvarðana. Þorgeir var vissulega oddviti meirihlutans og vera má að hann hafi haft umboð sveitarstjórnar til að auka þannig við skilgreininguna á verkefni KPMG, en það er ekki ljóst af gögnum málsins hvort svo hafi verið.

Í 2. gr. er einnig minnt á að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins. Í grunnin virðist ágreiningur málsaðila hafa staðið um forgangs röðun fjármuna sveitarfélagsins. Slíkur ágreiningur er eðlilegur innan sveitarstjórna; það er eitt helsta verkefni þeirra að leiða hann til lykta og taka ákvarðanir sem endurspeglar lýðræðislega fengna afstöðu hverju sinni. Siðareglan er áminning um lýðræðislegt mikilvægi þess að nálgast slíkan ágreining af heilindum þannig að kjörnir fulltrúar láti afstöðu sína til álitaefna ráðast af túlkun sinni á almannahagsmunum og hagsmunum sveitarfélagsins en leyfi ekki sérhagsmunum sínum eða annarra að ráða för. Ekki er að sjá af gögnum málsins að kvörtun Jóns feli í sér ásökun um brot á þessari reglu. Ekki er heldur ljóst af gögnum málsins hvort nokkur málsaðili hafi brotið gegn henni. Málið í heild sinni er þó skýr vitnisburður um mikilvægi þess að ræða möguleg hagsmunatengsl opinskátt í sveitarstjórn og gæta þess vandlega að forðast stjórnunarhætti sem gætu gefið tilefni til grunsemda um sérhagsmunagæslu, hvort sem slíkar grunsemdir byggjast á staðreyndum eða ekki. Grunsamleg ásýnd grefur undan trausti jafnvel þótt enginn hafi brotið af sér í raun.

Í 4. gr. er brýnt fyrir kjörnum fulltrúum að koma fram af háttvísi í störfum sínum. Færð hafa verið rök fyrir því að háttvísi sé siðferðileg dygð sem felist í því að nýta viðtekna

siði og venjur samfélagsins til að sýna öðrum virðingu, umburðarlyndi og tillitssemi.¹ Á þetta reynir sérstaklega í samskiptum fólks sem er ósammála um mál sem því þykir mikilvæg, eins og oft er raunin í lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn. Af gögnum málsins virðist sem helst sé kvartað undan háttsemi utan starfa kjörinna fulltrúa, þannig að óvíst er hvernig þetta ákvæði siðareglna kjörinna fulltrúa Strandabyggðar tengist þeirri háttsemi sem hér er kvartað undan. Á hinn bóginn er það að sjálfsögðu almennt góður siður í samfélagi fólks að koma fram af háttvísi, m.a. vegna þess að háttvísi dregur úr hættu á því að sárindi og reiði spilli samskiptum, en samskiptavandi í sveitarstjórn getur hæglega bitnað á almannahagsmunum og æskilegum stjórnsiðum í lýðræðislegu samfélagi. Almenn háttvísi getur meðal annars falið í sér að draga til baka særandi ummæli og biðjast afsökunar, eins og dæmi má sjá um í fylgiskjali 4.

Í 15. gr. er fjallað um starfsfólk sveitarfélagsins. Fram kemur að því beri að fylgja lögum og reglum, sýna trúnað í samskiptum „utan vinnu jafnt sem innan vinnustaða“, forðast áreitni og ósæmilega hegðun og halda þagnarskyldu um trúnaðarmál nema um sé að ræða uppljóstrun um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Af kvörtun Jóns má ráða að hann telji að fésbókarpistill Hrafnhildar frá 23. október 2023 (fylgiskjal 1) hafi ekki verið fyllilega í anda þessarar greinar siðareglanna, en Hrafnhildur var þá starfsmaður sveitarfélagsins. Við mat á því verður þó að hafa í huga að í pistlinum er hún að kvarta undan meintum ofsóknum Jóns á heimili sitt og láta í ljós áhyggjur, sem íbúi í Strandabyggð, af því að ákvarðanir sveitarstjórnar hafi ráðist af öðru en almannahagsmunum. Siðanefnd er sammála því mati Björns Jóhannssonar lögmanns, að tjáning Hrafnhildar í pistlinum hafi verið innan þeirra marka sem varin er af ákvæðum stjórnarskrár um tjáningarfrelsi og að það væri skaðlegt lýðræðislegri umræðu ef starfsfólki sveitarfélaga væri slík tjáning óheimil. Skiljanlegt er að Jóni hafi mislíkað ýmis orð sem féllu í pistli Hrafnhildar og honum þótti vega að heiðri sínum. Ekki verður þó annað séð en að hann hafi verið í aðstöðu til að andmæla og leiðrétta það sem honum þótti rangt með farið – og nýtt þá aðstöðu. Einnig er það í anda sáttfýsi að Hrafnhildur baðst síðar afsökunar.

Að mati siðanefndar er málið sem hér er til umfjöllunar fyrst og fremst dæmi um samskiptavanda sem undið hefur upp á sig. Í gögnum málsins koma fram gagnkvæmar ásakanir um einelti og óhróður. Einnig kemur fram að álagið sem fylgt hefur þessum slæmu samskiptum hafi bitnað á heilsu málsaðila. Samskipti eru ábyrgðarhluti og fyrir utan áhrif slæmra samskipta á velferð þeirra sem í þeim standa þá eru það brýnir almannahagsmunir að slæmir samskiptahættir spilli ekki fyrir starfi sveitarstjórnar. Aukinn skilningur á mikilvægi þess að stuðla að góðum samskiptum hefur leitt til þess að á mörgum vinnustöðum hefur starfsfólk gert með sér samskiptasáttmála. Með svipuðum hætti geta sveitarstjórnir ákveðið að undirstrika sameiginlega skuldbindingu sína og vilja til að vanda sig í samskiptum, en það gerist ekki án fyrirhafnar. Við hvert fót mál er val um að ákveða leið sem líkleg er til að bæta samskipti og leið sem líkleg er að gera þau verri. Það er á ábyrgð hvers og eins okkar,

¹ Cheshire Calhoun, "The Virtue of Civility," *Philosophy and Public Affairs* 29, no. 3 (July 2000): 251-275.

sem fullorðinna einstaklinga, að þekkja muninn og velja jákvæðu leiðina. Þegar deilur og ágreiningur eru uppi reynist okkur gjarnan erfitt að líta í eigin barm og taka ekki gagnrýni persónulega. Ekkert regluverk eða umgjörð getur þó tekið þá ábyrgð frá okkur.

Virðingarfyllt,
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Sigurður Kristinnsson
formaður siðanefndar